

**Nr. 22-016 S 012 Kobbi Láka****Sekkur við bryggju**

Skipaskr.nr. 7738  
 Utgerð: Slysavarnardeildin Hjálp  
 Smíðaður: Noregur, 1998, ál.  
 Stærð: 8,14 BT.  
 Mesta lengd: 9,55 m Skráð lengd: 8,79 m  
 Breidd: 3,40 m Dýpt: 1,23 m  
 Vél: Yanmar, 280,0 kw, 2004.  
 Fjöldi skipverja: 0



Kobbi Láka©Vigfús Markússon

**Gögn:**  
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 8. febrúar 2022 var björgunarskipið Kobbiláka ÍS við bryggju í Bolungarvíkurhöfn. Veður: NA 19–20 m/s.

Leki kom að bátnum þar sem hann var mannláus við bryggju. Þegar að var komið hékk hann í landfestunum. Björgunarsveitin dældi sjó úr bátnum og var hann síðan híffður upp á bryggju.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Báturinn var með tvær vélar og tvö sjódæludrif (*jet-drif*).
- Leki kom að bátnum um stjórnborðsdæludrif við öxulþétti á öxli sem stýrði spjaldloku fyrir afturábak keyrslu.
- Báturinn var með tvær lensidælur og landtengdur.
- Mikill ís var í höfninni þar sem ferskvatn rennur í hana.



Myndir fyrir og eftir atvikið.

- Ísinn í höfninni lá í og undir spjaldlokunni og var talið að mikil hreyfing hafi komið á ísinn þegar skip var að athafna sig í höfninni og við það hafi öxulþéttið skemmst.
- Öxulþéttið var undir sjávarmáli á skut /bygðingi bátsins sem er partur af sjódæludrifi.



*Myndin sýnir öxulþéttið þar sem lekinn var*

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins var mikill ís í höfninni sem var tilkominn vegna mikils ferskvatns sem rennur jafnan í hana.